til þingsályktunar um útflutning hrossa.

Flutningsm.: Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á rikisstjórnina að leita samninga við skipafjelögin, sjerstaklega Eimskipafjelag Íslands, um lækkun á flutningsgjaldi á útfluttum hrossum, og ennfremur að beita sjer fyrir því, að Þjóðverjar lækki toll á smáhestum (ponies).

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefir verð á íslenskum hrossum lækkað mjög mikið á erlendum markaði nú siðustu árin. Útflutningskostnaðurinn er hinsvegar svo hár, að hann nemur alt að þriðjungi söluverðs erlendis, og það sem verra er, að skipafjelögin neita stundum að flytja hross út þegar verst gegnir, seinni hluta sumars. Þar sem það mun alment viðurkent, að fækka beri hrossum i flestöllum sveitum landsins, er afarnauðsynlegt, að ekki taki fyrir útflutning, en að því getur rekið, ef útflutningsgjaldið lækkar ekki.

Þar sem nú Eimskipafjelags Íslands er allmjög upp á stjórn og þing komið, virðist einsætt, að komast mætti að samningum við það um lækkun flutningsgjalds, einkanlega þegar lítið er um annan flutning, eins og alltítt mun, einkum um miðsumarið.

Árið 1927 var jeg nokkurn tíma i Þýskalandi og kynti mjer sölumöguleika á smáhestum, sendi síðan sýnishorn, sem seldist mjög sæmilega. Á smáhestum er þar allhár tollur, en ýmsir Þjóðverjar, er jeg talaði við og kunnir voru hestaverslun, töldu líklegt, að lækkun mundi fást á tollinum. Jeg mintist á málið við sendiherra Íslands i Kaupmannahöfn, og tók hann vel og vinsamlega i að leita samninga um þetta, en síðan hefi jeg ekki heyrt um það mál. Fengist veruleg lækkun á tolli, vona jeg fastlega, að selja mætti eitthvað af hrossum i Þýskalandi.

Nánar i framsögu.